

# SKÝRSLA

## ÍSLAND



**Nemendur sem eru innflytjendur og með sérkennsluþarfir:  
Menningarlegur fjölbreytileiki og sérkennsla**

**Verkefnið var unnið að tilstuðlan  
European Agency for Development in Special Needs Education**

Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Janúar, 2008

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	3
Þýði .....	4
Gögn .....	5-6
Úrræði.....	7-13
Stuðningur.....	14-17
Mat.....	18-20
Töflur um fjölda nemenda o.fl.....	21-23
Heimildaskrá.....	24

## Inngangur

Verkefnið *Nemendur sem eru innflytjendur og með sérkennsluþarfir: Menningarlegur fjölbreytileiki og sérkennsla* var unnið að tilstuðlan European Agency for Development in Special Needs Education. Á Íslandi var verkefnið unnið af Huldu Karen Daniélsdóttur, kennsluráðgjafa á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Hvatinn að verkefninu er skortur á upplýsingum í flestum Evrópulöndum um nemendur sem eru innflytjendur með sérkennsluþarfir. Verkefninu er því ætlað að afla gagna um menntun þessara nemenda og samskipti þeirra og fjölskyldna þeirra við samfélagsþjónustuaðila viðkomandi landa.

Lokaafurð verkefnisins ætti að geta nýst sérfræðingum og þeim sem koma að stefnumörkun í þátttökulöndunum en þau eru auk Íslands: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Noregur, Pólland, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

Á Íslandi var gagna aflað með viðtölum ýmist við skólastjórnanda, deildarstjóra eða kennara í fimm grunnskólum með marga nemendur sem eru innflytjendur. Í viðtölunum svöruðu þátttakendur spurningum á spurningalista verkefnisins (sjá fylgiskjal nr. 1). Viðtal var tekið við einn kennsluráðgjafa sem starfar á þjónustumiðstöð í Reykjavík og í tölvupósti bárust svör við fyrnefndum spurningum frá fimm grunnskólum og einum framhaldsskóla. Áður höfðu skólarnir fengið tölvubréf þar sem þeir voru hvattir til þátttöku (sjá fylgiskjal nr. 2). Gögnin eru frá skólaárinu 2006-2007.

Skýrslan er að mestu byggð á svörum þátttakenda við spurningunum á listanum. Svörin hafa hins vegar flest verið umorðuð en merkingu og innihaldi þeirra er hvergi breytt. Þó er vitnað orðrétt í svör nokkurra þátttakenda.

Skýrslan er einnig byggð á reynslu og þekkingu skýrsluhöfundar sem hefur gegnt stöðu kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu sl. sjö ár.

# 1. Þýði

## ***Sp. 1. Skilgreining á innflytjendum á Íslandi og upplýsingar um innflytjendurna sem þar búa.***

Í *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda* eru innflytjendur skilgreindir á eftirfarandi hátt: „Með hugtakinu innflytjandi (e. immigrant) er átt við útlending sem sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli, en með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar um innflytjendur á vef Hagstofunnar á þessari vefslóð: <http://hagstofan.is/> Þar eru m.a. upplýsingar um hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda á árunum 1950 til 2007 og mannfjölda eftir ríkisfangslandi, kyni, aldri og búsetu á Íslandi. Flestir innflytjendur á Íslandi koma frá Póllandi, Danmörku, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Filippseyjum, Litháen, ríkjum fyrri Júgóslavíu, Noregi, Tælandi og Portúgal.

Í desember árið 2006 voru 6% íbúa landsins innflytjendur en þeim hefur fjölgað mikið síðan þá. Samkvæmt upplýsingum á vefnum hefur fjöldi innflytjenda sem sótt hefur um íslenskt ríkisfang einnig aukist til muna. Á árinu 2006 fengu 844 umsækjendur íslenskt ríkisfang. Flestir þeirra eða 222 eru frá Póllandi, 89 eru frá ríkjum fyrri Júgóslavíu en af þeim eru 79 frá Serbíu og Svartfjallalandi (Hagstofa Íslands, 2007).

## **Markhópur verkefnisins**

Markhópur verkefnisins var skilgreindur á eftirfarandi hátt á fundi í Brussel árið 2006:

- nemendur með alls konar sérkennsluþarfir en þó sérstaklega þeir sem eru með námsferðleika
- og sem eru innflytjendur samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu:
  - i) þeir sjálfir eða fjölskyldur þeirra eiga uppruna í öðru landi
  - ii) þeir nota tungumál sem er ólíkt eða líkt tungumáli landsins sem þeir búa í
  - iii) þeir eru af sama eða ólíku þjóðerni og íbúar landsins sem þeir búa í
  - iv) þeir eru með/eða ekki með lágt menntunarstig og lágan efnahagslegan bakgrunn
- og eru með annan menningarlegan bakgrunn en íbúar landsins sem þeir búa í

Á Íslandi eru fjölmörg hugtök notuð yfir þennan markhóp. Í nýrri *Aðalnámskrá Grunnskóla* (2007), í kaflanum um námsgreinina Íslensku sem annað tungumál kemur orðið innflytjandi ekki fyrir heldur er ýmist fjallað um nemendur af erlendum uppruna eða nemendur með annað móðurmál en íslensku. Svipaða sögu má segja af hugtökum sem eru í nýjum frumvörpum til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Nýbúi var til skamms tíma notað um innflytjendur en virðist á undanhaldi og þá sjálfsagt vegna neikvæðra tenginga og niðrandi notkunar á orðinu.

## 2. Gögn

### Gögn um nemendur í skyldunámi, skólaárið 2006-2007

#### Almenn gögn

##### *Sp. 2. Gögn um fjölda nemenda sem eru innflytjendur.*

Upplýsingar um fjölda nemenda sem eru innflytjendur í skyldunámi má nálgast hjá Hagstofunni, en þar fengust fjöldatölurnar í töflunum á bls. 21-23.

Samkvæmt upplýsingum frá Menntasviði var í Reykjavík á skólaárinu 2006-2007 úthlutað sérstöku fjármagni vegna 389 nemenda sem eru innflytjendur. Heildarfjöldi innflytjenda sem stundaði nám í grunnskólum Reykjavíkur var hins vegar 630. Úthlutunin var að mestu vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Í sveitarfélögum öðrum en Reykjavík var sótt um sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði vegna kennslu 993 nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Nemendur sem njóta þessarar kennslu eru ýmist innflytjendur samkvæmt skilgreiningunni sem er tíunduð hér að ofan eða heimfluttir Íslendingar (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2007).

#### Nákvæm gögn

##### *Sp. 3. Gögn um fjölda og hlutfall nemenda sem eru innflytjendur með sérkennsluþarfir í almennum skólum í samanburði við fjölda og hlutfall nemenda í almennum skólum sem eru með sérkennsluþarfir en eru ekki innflytjendur.*

Ekki er hægt að nálgast þessar upplýsingar hjá menntamálaráðuneytinu, Menntasviði eða öðrum miðlægum stofnunum. Hins vegar er hægt að nálgast þessar upplýsingar í skólum. Fjöldi nemendanna getur reyndar verið mjög breytilegur þar sem sum úrræði í sérkennslu eru tímabundin og miða að því að þjálfar nemendur í ákveðinni færni í t.d. lestri, stærðfræði og fleiri greinum.

Þegar tölulegar upplýsingar frá skólunum sem tóku þátt í þessu verkefni eru skoðaðar kemur í ljós að í sumum þeirra virðist fjöldi og hlutfall nemenda sem eru innflytjendur með sérkennsluþarfir mun meiri en fjöldi og hlutfall annarra nemenda með sérkennsluþarfir, en í öðrum er þessu hins vegar þveröfugt farið. Skýringin getur verið sú að tilviljun ein ráði því hve margir nemendur með sérkennsluþarfir stunda nám í hverjum og einum skóla. Einnig má vera að í sumum skólum sé mat á stöðu og framförum nemenda skilvirkara en í öðrum skólum og að í enn öðrum séu nemendur taldir með námserfiðleika þegar í raun aðeins er um tungumálaerfiðleika að ræða.

Tölulegu upplýsingunum frá skólunum var ekki aflað á vísindalegan hátt og því óráðanlegar og ekki birtar í töfluformi í þessari skýrslu.

***Sp. 4. Gögn um fjölda og hlutfall nemenda sem eru innflytjendur með sérkennsluþarfir í sérskólum í samanburði við fjölda og hlutfall nemenda í sérskólum sem eru með sérkennsluþarfir en eru ekki innflytjendur.***

Samkvæmt upplýsingum frá Menntasviði voru fatlaðir innflytjendur sem stunduðu nám í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2006-2007, 17, en þar af eru 12 fæddir á Íslandi. Af nemendum 17, stunduðu 14 nám í sérskólum.

Sérskólarnir sem um ræðir eru allir í Reykjavík. Þeir eru Safamýrarskóli, fyrir alvarlega fjölfatlaða nemendur, Öskjuhlíðarskóli fyrir þroskahefta nemendur og Brúarskóli sem sinnir nemendum í 5.-10. bekk með alvarleg hegðunar- og geðræn vandamál og er hugsaður sem tímabundið úrræði. Skólinn sér einnig um sjúkrakennslu nemenda í 1.-10. bekk sem eru í meðferð á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss og nemenda í 8.-10. bekk sem eru á Stuðlum. Stuðlar er meðferðarstöð sem veitir nemendum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarferðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

Eftirfarandi upplýsingar eru líka frá Menntasviði: Skólaárið 2006-2007 var nemendafjöldi Öskjuhlíðarskóla 104 en þar af voru 9 nemendur sem eru innflytjendur samkvæmt skilgreiningunni sem unnin var í Brussel og er tíunduð hér að ofan. Í Safamýrarskóla voru hins vegar 17 nemendur en þar af voru 5 nemendur innflytjendur. Enginn innflytjandi stundaði nám í Brúarskóla eftir því sem næst verður komist.

***Sp. 5 Ef engin gögn eru aðgengileg hver er þá ástæðan fyrir því?***

Þessari spurningu var svarað hér fyrir ofan þegar bent var á að gögnin eru aðgengileg í skólum.

### 3. Úrræði

#### *Sp. 6. Hvers konar menntunarúrræði eru í boði vegna nemenda og foreldra sem eru innflytjendur?*

Í 1. gr. reglugerðar nr. 391/1996 um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku er eftirfarandi málsgrein: „Nemendur í grunnskóla er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku.“ Í 4. gr. kemur fram „að miða skuli við að hver nemandi með annað móðurmál en íslensku fái 2 stundir á viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan hann er að ná tökum á íslensku máli. Samkvæmt mati skólastjóra og sérfræðipjónustu skóla getur kennslan verið mismunandi eftir skyldleika móðurmáls nemanda við íslensku.“

Í 5. gr. sömu reglugerðar segir: „Í skólum þar sem því verður viðkomið og með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, skulu nemendur með annað móðurmál en íslensku fá kennslu í og á eigin móðurmáli í samráði við forráðamenn. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda. Nemendur skulu hvattir til að halda móðurmáli sínu við og rækta það.“

Nú, árið 2007 er ný *Aðalnámskrá grunnskóla - Íslenska* komin á vef menntamálaráðuneytisins. Í henni er m.a. fjallað um námsgreinina íslensku sem annað tungumál. Einnig verða lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008 frumvörp til laga um grunn-, leik- og framhaldsskóla. Í frumvörpunum er fjallað um nemendur með annað móðurmál en íslensku. Mállefni nemenda sem eru innflytjendur og stunda nám á hinum ýmsu skólastigum eru þannig til endurskoðunar bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Nánari upplýsingar má finna á þessum vefslóðum:

<http://www.althingi.is/altext/135/s/0319.html>

<http://www.althingi.is/altext/135/s/0321.html>

<http://www.althingi.is/altext/135/s/0320.html>

[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra\\_grsk\\_islenska.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf)

Í nýja frumvarpinu til laga um grunnskóla er ekki tekið fram við hve marga tíma skuli miða þegar að sérstakri kennslu í íslensku kemur, eins og gert er í reglugerð nr. 391/1996 sem nefnd var hér að ofan. Hlýtur það að teljast breyting til batnaðar því sumir skólar hafa til þessa einungis úthlutað innflytjendum 2 stundum á viku í sérstakri íslenskukennslu, jafnvel þeim sem eru nýkomnir til landsins.

Hvað sem lögum og reglugerðum líður þá eru úrræði og þjónusta við nemendur og foreldra sem eru innflytjendur hins vegar mjög mismunandi frá einum skóla til annars.

Í sumum skólum eru nemendur teknir út úr bekk í u.þ.b. eina til tvær kennslustundir á viku og þeim kennd íslenska sem annað tungumál, skólafærni og orðaforði í tengslum við skólastarfið. Í öðrum skólum eru nemendur í sérstakri deild fyrir innflytjendur fyrstu tvær vikurnar eða lengur áður en þeir fara út í bekk og eru þá í sumum tilfellum með skerta stundatöflu. Í enn öðrum skólum þar sem slíkar deildir eru til staðar, fara nemendur mishratt og mismikið út í bekk. Þeir byrja gjarnan í íþróttum, list- og verkgreinum og taka síðan smám saman þátt í bekkjarstarfi.

Nemendur geta verið upp undir eitt ár eða lengur í móttökudeild skóla en eftir það fara þeir oftast í sína heimaskóla. Í sumum tilfellum ákveður móttökudeildastjóri hve marga tíma

nemendur skuli fá í íslensku sem öðru tungumáli í heimaskóla. Hann er þá í samstarfi við kennara í heimaskóla í u.þ.b. eitt ár, eftir að nemendur útskrifast úr móttökudeild.

Nemendur sem eru innflytjendur og hafa dvalið í einhver ár á Íslandi eða eru fæddir þar, fá í mörgum tilfellum stuðning í greinabundinni íslenskukennslu í mismarga tíma á viku.

*Hér fyrir neðan eru tilgreind úrræði í nokkrum íslenskum grunnskólum vegna nemenda og foreldra sem eru innflytjendur. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að úrræðin eru ekki þau sömu í öllum skólum og að mikill munur er á milli skóla hvað varðar fjölda nemenda sem eru innflytjendur og gæði og fjölda úrræða sem standa þeim og fjölskyldum þeirra til boða.*

*Upptalningin er samsett úr svörum þátttökuskólanna en nokkrir þeirra hafa ákveðna sérstöðu vegna þess að þar stunda margir nemendur sem eru innflytjendur nám og þar er töluverð reynsla, kunnátta og þekking á þörfum nemenda sem eru innflytjendur. Hefði spurningalistinn hins vegar einungis verið lagður fyrir skóla með litla reynslu og þekkingu á þörfum þessara nemenda þá hefði útkoman orðið önnur og sjálfsagt mun færri úrræði verið í upptalningunni.*

### **Úrræði í nokkrum íslenskum grunnskólum vegna nemenda sem eru innflytjendur og þ.m.t. nemendur með sérkennsluþarfir:**

- Sérstakt móttökuférlí fyrir nemendur.
- Einn skóli er móðurskóli í fjölmenningu.
- Opinberir styrkir hafa verið veittir til skóla og einstaklinga vegna sérstakra verkefna í þágu þessara nemenda.
- Í upphafi skólagöngu nemenda fer í sumum skólum fram mat á stöðu þeirra í læsi, stærðfræði, ensku, íþróttum, sundi og verk- og listgreinum.
- Í skólum þar sem tvítyngdir kennarar starfa meta þeir stundum stöðu nemenda í móðurmáli og þekkingu, færni og skilning þeirra í hinum ýmsu námsgreinum.
- Áhugasvið nemenda er kannað og reynt er að byggja á því í náminu og kennslunni.
- Í móttöku- og innritunarviðtali er farið yfir heilsufarsþætti s.s. hvaða bólusetningar nemendur hafa fengið o.fl.
- Nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.
- Fjölbreyttir kennsluhættir eru notaðir.
- Sérstakt námsefni s.s. bækur, gagnvirkt efni á netinu o.fl fyrir þessa nemendur hefur verið gefið út af Námsgagnastofnun og fleiri aðilum.
- Boðið er upp á samtals- og hlustunartíma.
- Námsgagnir er aðlagð að getustigi nemenda.
- Aðstoð við námsgreinar og heimanám.
- Sjálfboðaliðar Rauða krossins aðstoða nemendur við lestur.
- Nemendur í 9. og 10. bekk sem eiga íslensku að móðurmáli geta valið að kenna nemendum sem eru innflytjendur lestur og aðstoða þá við heimanám. Unnið er undir stjórn kennara.
- Í a.m.k. einn grunnskóla koma framhaldsskólanemendur sem eru í valáfanga um uppeldi og menntun og aðstoða nemendur sem eru innflytjendur við heimanám. Vinnan eru unnin undir stjórn kennara.
- Í sumum skólum tekur námið og kennslan mið af markmiðum námskrár og stöðu nemenda en ekki námsefni, samræmdum prófum eða fjölda nemenda í bekkjum eins og víða tíðkast í skólum.
- Unnið er út frá einstaklingsáætlunum og -námskrám nemenda.



- Nám og kennsla byggir á nánun samstarfi umsjónarkennara og kennara í sérstakri deild fyrir nemendur sem eru innflytjendur og fer ekki eingöngu fram innan veggja deildarinnar.
- Fjölmenningarleg kennsla er stunduð að einhverju marki í nokkrum skólum en aðeins í stefnu eins skóla, eftir því sem næst verður komist, er lögð áhersla á fjölmenningarlega kennslu.
- Í sumum skólum er samvinnunámsaðferðum beitt í vinnu með öllum nemendum.
- Nemendur í nokkrum skólum fá kennslu í og á móðurmáli sínu.
- Tvítýngdir kennarar aðstoða nemendur við hugtakaskilning á íslensku og styðjast þá við móðurmálið.
- Nemendur nýta sér námsefni á móðurmáli sínu á netinu.
- Nemendur geta nýtt sér námsefni og yndislestrarbækur á nokkrum tungumálum. Efnið er fengið að láni hjá almenningubókasöfnum.
- Kennsluráðgjafar aðstoða kennara við skipulag kennslunnar, val á námsefni o.fl.
- Í nokkrum skólum bera móttökudeildir alfarið ábyrgð á nemendum sem eru innflytjendur og samskiptum skólanna við heimili þeirra. Þegar nemendur hafa hins vegar útskrifast úr deildinni bera umsjónarkennarar þessa ábyrgð. Þessu er öðruvísi farið í öðrum skólum en þar bera umsjónarkennarar ábyrgð á nemendum frá upphafi, jafnvel þótt móttökudeildir séu starfræktar við skólana.
- Kennarar beita fjölbreyttum námsmatsaðferðum þegar vinna, þekking og færni nemenda sem eru innflytjendur eru metnar.
- Nemendur fá aðstoð kennara eða deildarstjóra sérstakra deilda fyrir nemendur sem eru innflytjendur við að skrá sig í framhaldsskóla.
- Nemendur fá sérkennslu.
- Kennari fær leiðbeiningar frá öðrum kennurum um hvað og hvernig hann á að kenna.
- Unnið út frá styrk nemenda.
- Nemendur fá færnimiðaða kennslu.
- Átta stuðningsfulltrúar vinna með nemendum í sérstakri deild fyrir innflytjendur. Þeir fá vinnuplan og fylgja nemendum inn í bekk eða í móttökudeild.
- Kennsluráðgjöf við skóla og einstaka kennara er aðgengileg.
- Þroskaþjálfar vinna í skólanum og eru með ráðgjöf.
- Starfsfólk í sérstakri deild fyrir nemendur sem eru innflytjendur útbýr aukaefni fyrir kennara sem kenna nemendum inni í bekk.
- Stuðningsfulltrúar og sérkennarar vinna með nemendum.
- Þroskaþjálfari vinnur í skólanum og kemur að gerð einstaklingsnámskráa.
- Sumir nemendur þurfa og fá líkamlega þjálfun, tíma hjá iðjuþjálfara og talþjálfun.
- Ekki er beðið eftir niðurstöðu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins heldur byrja samstarfsaðilar svo sem fulltrúar frá þjónustumiðstöð og starfsmenn skóla strax að vinna að úrræðum í tengslum við sérstöðu og þarfir nemenda.
- Félagaráðgjafar koma oft inn í málin vegna félagslegra þátta í tengslum við fjölskyldur nemenda.
- Áhersla þjónustumiðstöðva er á þverfaglega vinnu þannig að ætlast er til að úrræði í tengslum við einstaka mál spretti úr þeim farvegi.
- Listmeðferðarfræðingur, þroskaþjálfari og sérdeild hafa ráðgjafarhlutverk við kennara skólans.

## **Úrræði í nokkrum íslenskum grunnskólum vegna foreldra sem eru innflytjendur þ.m.t. foreldrar nemenda með sérkennsluþarfir:**

Fjölskyldur nemenda sem eru innflytjendur fá sams konar þjónustu og foreldrar annarra nemenda. Oftast fara þó fram móttöku- og innritunarviðtöl í skólunum vegna nemenda sem eru innflytjendur og þá með aðstoð túlka ef þörf krefur. Lítil áhersla hefur verið lögð á menntunarúrræði fyrir foreldra sem eru innflytjendur en þess meiri á upplýsingamiðlun. Í þessu eins og mörgu öðru er mikill munur á vinnubrögðum skóla og hve virkir foreldrar nemenda eru.

Foreldrar sem eru flóttamenn hafa þó fengið kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og margs konar stuðning vegna stöðu sinnar sem flóttamenn.

Í sumum skólum ber aðeins einn ákveðinn aðili ábyrgð á samskiptum við foreldra nemenda sem eru innflytjendur. Í öðrum skólum geta það verið ýmist umsjónarkennarar, stjórnendur, tvítyngdur kennari eða starfsmenn sérstakra deilda fyrir nemendur sem eru innflytjendur. Móttöku- og innritunarviðtal fer fram í skólum og fá foreldrar þar upplýsingar um skólann, tómstundastarf o.fl. sem í boði er innan veggja skólans og utan. Foreldrar veita á móti upplýsingar um nemandann og fjölskylduna.

Í móttöku- og innritunarviðtölum afhenda skólar foreldrum fjölbreytt upplýsingaefni m.a. um grunnskólann, mikilvægi móðurmáls, tómstundastarf, útvistarreglur o.fl. Sumt af efninu hefur verið þýtt á algengustu tungumál innflytjenda. Efnið er oftast í bæklingaformi og einnig aðgengilegt á netinu.

Í mörgum skólum er áhersla lögð á mikilvægi þess að nemendur taki þátt í tómstundastarfinu sem í boði er því í gegnum það geti þeir tengst öðrum nemendum félagslega, lært talmálið og þjálfast í menningarferni.

Foreldrafélög fáeinna skóla hafa verið virk í að tengjast foreldrum nemenda sem eru innflytjendur.

Í flestum skólum eru foreldraviðtöl tvisvar til þrisvar sinnum á ári og oftast ef upp koma mál sem fylgja þarf eftir.

Fulltrúar eins skóla nefndu sérstaklega hve mikilvægt samstarfið við foreldra væri, en að talsverður tími færi í það hjá umsjónarkennurum.

### ***Sp. 7. Hvaða stofnanir og þjónustuaðilar bera ábyrgð á þjónustu við nemendur sem eru innflytjendur og fjölskyldur þeirra og hvernig er samvinna þeirra háttáð? Hvernig er þjónustan við innflytjendur ólík þjónustu við aðra í samfélaginu?***

Til að gefa einhvers konar mynd af slíkri samvinna má nefna sem dæmi einn grunnskóla í Reykjavík. Skólinn hefur samstarf við eftirtalda aðila vegna nemenda og þ.m.t. innflytjendur með sérkennsluþarfir. Samstarfið fer helst fram á formlegum fundum þar sem hugmyndir eru ræddar, ákvarðanir teknar og framkvæmdaráætlanir gerðar. Samvinnan getur einnig farið fram á óformlegum fundum, í gegnum síma og með tölvusamskiptum.

- **Menntaráð og Menntasvið** í tengslum við stefnu, starfsáætlun, skráningar, úthlutun fjármagns o.fl.
- **Þjónustumiðstöð** í tengslum við kennslu-, frístunda-, félags-, náms- og starfsráðgjöf, félagslega heimaþjónustu, sálfræðiráðgjöf og greiningar og þjónustu þroskaþjálfar.
- **ÍTR** vegna frístundaheimilis, frístundamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar o.fl.
- **Rauði krossinn** vegna stuðnings við heimanám nemenda.
- **Barnaspítali Hringins** vegna læknisskoðunar nemenda sem koma frá svæðum utan EES (*þjónusta sem er aðeins veitt vegna nemenda sem eru innflytjendur*).
- **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins** vegna nemenda með frávik.
- **BUGL** vegna nemenda með frávik.
- **Heilsugæslan** vegna nemenda sem eiga við heilsufarsvandamál að etja.
- **Kirkjan** vegna áfallahjálpar, fermingarundirbúnings o.fl.
- **Námsgagnastofnun** vegna útgáfu námsefnis, þ.m.t. efni sem er sérstaklega ætlað nemendum sem læra íslensku sem annað tungumál.
- **Alþjóðahús** vegna túlkajónustu og annarra verkefna (*þjónusta sem er aðeins veitt vegna nemenda sem eru innflytjendur*).
- **ICI** vegna túlkajónustu og annarra verkefna (*þjónusta sem er aðeins veitt vegna nemenda sem eru innflytjendur*).
- **Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra** vegna fatlaðra nemenda.
- **Háskólastigið** og fleiri aðilar vegna símenntunar kennara.
- Samstarf við ýmsa aðra aðila vegna verkefna sem styrkja eiga sjálfsmynd, menningarferni, talmál og félagsleg tengsl nemenda sem eru innflytjendur (*þjónusta sem er aðeins veitt vegna nemenda sem eru innflytjendur*).

Í öðru sveitarfélagi er skólinn í samstarfi við Rauða krossinn vegna þjálfunar nemenda í félagsferni og menningarlesi. Einnig er þar félagsmiðstöð fyrir alla nemendur skólans og þar starfar einn aðili sem heldur sérstaklega utan um nemendur sem eru innflytjendur.

Hjúkrunarfræðingur skólans sér um allar innskráningar og hefur samband við heilsugeirann vegna nemenda sem eru innflytjendur. Hjúkrunarfræðingurinn er einnig í inntökuteymi skólans en í því eru auk hans, deildarstjóri og starfsmaður deildar fyrir nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál, deildarstjórar skólastiganna og stundum sitja skólastjórnendur einnig fundi teymisins. Inntökuteymið sinnir aðeins nemendum sem eru innflytjendur og stunda nám í deild fyrir nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál.

Skólinn vinnur einnig með félagsþjónustunni vegna einstakra mála og skólaskrifstofunni vegna fjárveitinga og þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga. Samstarfsfundir eru haldnir eftir þörfum.

Í grunnskólum eru nemendaverndarráð en misjafnt er eftir skólum hver situr í þeim. Eftirfarandi er dæmi um samsetningu nemendaverndarráðs við grunnskóla í Reykjavík: aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stiga, deildarstjóri deildar fyrir nemendur sem eru innflytjendur, sálfræðingur, listmeðferðarfræðingur, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og stundum eru félagsráðgjafi og kennsluráðgjafi boðaðir á fundi en það fer eftir eðli hvers máls fyrir sig.

Nemendaverndarráð taka á öllu mögulegu varðandi nemendur sem eiga í vanda, þ.m.t. nemendur sem eru innflytjendur með sérkennsluþarfir. Hlutverk þeirra er m.a. að tengja viðkomandi nemanda og fjölskyldu hans við aðstoð og þjónustu sem barnavernd, þjónustumiðstöðvar, skóla- og fjölskylduskrifstofur og félagsþjónusta sveitarfélaga veita.

***Sp. 8. Lýsið hvernig þjónustuaðilar miðla upplýsingum til foreldra og að hvaða marki fjölskyldur taka þátt.***

Þjónustuaðilar veita foreldrum sem eru innflytjendur upplýsingar með því að dreifa til þeirra þýddu efni og á fundum þar sem stuðst er við aðstoð túlka ef þörf krefur.

Upplýsingum til foreldra og nemenda er miðlað í móttöku- og innritunarviðtölum og í foreldraviðtölum eins og fram hefur komið. Sumir skólar reyna að láta þýða flestar upplýsingar til foreldra sem eru innflytjendur. Ýmist sjá túlkar um þá þýðingavinnu eða tvítyngdir kennarar sem starfa í skólunum. Tvítyngdir kennarar vinna oft einnig sem túlkar fyrir skólana, hringja heim til nemenda og skrifa bréf á móðurmálum þeirra þegar þörf krefur. Þrátt fyrir þýðingar o.fl. leiðir sem notaðar eru til að ná til foreldra nemenda sem eru innflytjendur, kvarta sumir skólar yfir slæmri mætingu þeirra á foreldrafundi eða annað sem fram fer í skólunum og er opið nemendum og fjölskyldum þeirra.

Sumir skólar fara yfir námsstöðu nemenda með foreldrum og ræða við þá um hvað þurfi að gera bæði í skólanum og á heimilinu til þess að nemendum fari fram í námi og að það nýtist þeim sem skyldi. Sérkennsla og stuðningur í mörgum skólum eru unnin í samvinnu við foreldra eins og til dæmis við gerð einstaklingsáætlana. Stöðug upplýsingagjöf á milli skólans og heimilisins á sér þá stað allt skólaárið.

Í sumum skólum er samstarfið við foreldra nemenda sem eru innflytjendur lítið sem ekkert.

***Sp. 9. Getur þú lýst fjárhagslegum úrræðum sem standa nemendum sem eru innflytjendur með sérkennsluþarfir og fjölskyldum þeirra til boða.***

Þjónusta og úrræði við innflytjendanemendur með sérkennsluþarfir og þeirra sem búa við fatlanir eru þau sömu og annarra nemenda. Öll sérfræðiþjónusta sem veitt er í grunnskólum, á þjónustumiðstöðum í Reykjavík, á skóla- og fjölskylduskrifstofum og hjá félagsþjónustu sveitarfélaga vítt og breitt um landið er nemendum og fjölskyldum þeirra að kostnaðarlausu. Þessi þjónusta er m.a. þjónusta sálfræðinga, þroskaþjálfara, félags-, kennslu-, náms- og frístundaráðgjafa og listmeðferðarfræðinga.

Skólar fá viðbótarfé hjá viðkomandi sveitarfélagi vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og einnig vegna sérstakrar aðstoðar við nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fatlanir. Sérstök aðstoð við nemendur getur verið meðferð skólasálfræðings, margir tímar í sérstöku námsveri, tímar hjá listmeðferðarfræðingi o.fl. úrræði. Ef leita þarf til sjálfstætt starfandi sérfræðinga s.s. talmeinafræðinga, iðjuþjálfara eða annarra, þá er oft kallað eftir þjónustu félagsráðgjafa vegna möguleika á niðurgreiðslu á kostnaði sem sérfræðiþjónustunni fylgir og foreldrum ber að greiða fyrir. Öllum nemendum með greiningu fylgir sérstakt fjármagn. Ef nemendur eru mikið veikir geta foreldrar sótt um umönnunarbætur.

Einstaka skólar ganga mjög langt í aðstoð við fjölskyldur nemenda sem eru innflytjendur. Ástæðan er oftast sú að foreldrarnir eru ekki með nægilega mikla þekkingu á íslensku samfélagi til að geta bjargað sér hjálparlaust. Starfsmenn eins skóla aðstoðuðu til að mynda

foreldra sem voru ekki komnir með sjúkratryggingu við að fá niðurfellingu á læknskostaði. Einnig lögðu þeir sérstaka áherslu á það við foreldra að nemendur með slæma tannheilsu nýttu sér niðurgreidda tannlæknaþjónustu.

Dæmi er jafnvel um að skóli hafi borgað fyrir lyf ofvirkra nemenda sem eru innflytjendur því foreldrarnir höfðu ekki efni á að greiða fyrir lyfin. Einnig hafa skólar leitað eftir niðurgreiðslum og jafnvel niðurfellingu á gjöldum til íþróttafélaga, vegna skólaferðalaga o.fl fyrir nemendur sem eru innflytjendur og efnahagslega illa staddir. Kennarar og skólastjórnendur tóku þá sameiginlega ákvörðun vegna hvers tilviks fyrir sig.

## 4. Stuðningur

*Sp. 10. Getur þú nefnt helstu vandamál sem skólinn, kennarar, nemendur og fjölskyldur þeirra eiga við að stríða?*

Vandamál og áskoranir sem skólar, kennarar, nemendur sem eru innflytjendur og fjölskyldur þeirra þurfa að takast á við eru einstaklingsbundin og misjöfn frá einum skóla til annars. Hér á eftir fylgja svör þeirra sem tóku þátt í þessu verkefni. Svörin hafa verið umorðuð en merkingu hvergi breytt:

- Fæstir skólar hafa markað sér stefnu um málefni nemenda sem eru innflytjendur. Skólar þurfa fjölmenningsstefnu og einnig þarf að mennta og þjálfa kennara þannig að þeir öðlist þekkingu og færni í að kenna nemendum sem eru innflytjendur inni í almennum bekk og einnig veita þeim einhvers konar sérúrræði. Að auki þarf að vinna með viðhorf kennara til breyttra aðstæðna í skólum. Skólasamfélagið ætti að líta á fjölbreyttan nemendahóp sem auð en ekki vandamál.
- Aðalvandamál nemenda er að þeir skilja ekki tungumálið.
- Oft eru ráðgjafar kallaðir til vegna hegðunar- og aðlögunarvanda en ekki námserfiðleika nemenda sem eru innflytjendur.
- Það vantar mikið upp á að nóg sé unnið að gagnkvæmri aðlögun nemenda sem eru innflytjendur og þeirra sem fyrir eru.
- Oft er erfitt að virkja nemendur sem eru innflytjendur í félagslífi og tómsundum sem boðið er upp á í skólum og utan þeirra. Kennarar þessara nemenda leggja sig oft mikið fram við að fá nemendur sem eru innflytjendur til að taka þátt í félagslífi skólans. Þeir hringja jafnvel í foreldra nemenda og senda heim bréf á viðkomandi móðurmáli svo fátt eitt sé nefnt, en því miður oft án árangurs.
- Erfitt er fyrir kennara að aðlaga námsefni fyrir nemendur sem eru innflytjendur.
- Stundum er færni og þekkingu kennara á vinnubrögðum sem henta þessum nemendum ábótavant.
- Reynt hefur verið að vinna með samvinnunámsnálgun og fjölmenningslega áherslu í nokkrum skólum. Í sumum skólum hefur það gengið vel með almennri þátttöku allra kennara en í öðrum frekar illa með takmarkaðri þátttöku kennara.
- Sumum kennurum finnst vinnan sem fylgir kennslu nemenda sem eru innflytjendur íþyngjandi og vilja að sérstakar deildir fyrir innflytjendur sjái alfarið um að kenna þeim.
- Viðhorf einstakra kennara og annars starfsfólks er stundum ekki nógu jákvætt í garð þessara nemenda.
- Í sumum skólum er ekkert markvisst gert vegna félagslegrar aðlögunar nemenda sem eru innflytjendur og þeirra sem fyrir eru. Nemendur sem eru innflytjendur eiga oft erfitt með að komast inn í hópa, bekkir eru ekki undirbúnir undir komu nýrra nemenda og kennarar gera ekkert sérstakt til að kynna nemendur.
- Of litlu fé er veitt í skólana vegna þessara nemenda og þeir fá of litla aðstoð.
- Kennarar hafa ekki nógu mikinn tími til að sinna þessum nemendum sérstaklega.
- Kennarar eru þreyttir og vilja ekki taka ábyrgð á þessum nemendum.
- Nemendur fá ekki kennslu við hæfi og svo hamlar tungumálið þeim.
- Foreldrar geta nánast ekkert hjálpað börnum sínum við heimanámið.
- Oft er mikill menningarmunur á innflytjendum og Íslendingum og menningarlæsið á báða bóga er ekki nógu gott.
- Foreldrar taka oft lítinn eða engan þátt í skólagöngu barna sinna.

- Mjög misjafnt eftir kennurum hversu vel þeir eru í stakk búnir til að kenna nemendum sem eru innflytjendur.
- Vandinn er inni í bekkjum, ekki í móttökudeildinni.
- Ekki nógu gott upplýsingastreymi á milli móttökudeildar og umsjónar- og greinakennara sem kenna nemendum einnig. Stundum er næstum togast á um hvar nemendur eiga að vera hverju sinni.
- Oft er óskýrt hver ber ábyrgð á viðkomandi nemanda. Eru það deildarstjóri og kennarar í sérstakri deild fyrir innflytjendur eða er það umsjónarkennari nemandans?
- Ef nemendur þurfa sérstakt námsefni þá líta sumir kennarar þannig á að þeir séu sérkennslu- eða móttökudeildarnemendur og eigi þar heima.
- Nemendur sem eru innflytjendur einangrast inni í bekk og missa af lestinni og fylgja ekki jafnöldrum í verkefnum og viðfangsefnum.
- Tungumálaerfiðleikar beggja foreldra eða annars og oft barnanna líka leiðir til erfiðleika í upplýsingagjöf. Foreldrar sækja ekki íslenskunámskeið og nemendur eru misfljótir að tileinka sér nýja tungumálið.
- Oft eru ekki til greiningar á nemendum er þeir kom til landsins og þá þarf að fá túlk til að þýða greiningarprófin fyrir þá.
- Oft eru miklir tungumála- og samskiptaerfiðleikar vegna nemenda þar sem annað foreldrið er innflytjandi. Heimilismálið er þá oft bjöguð enska en hvorki íslenska né móðurmál foreldris sem er innflytjandi.
- Helstu vandamál sem allir standa frammi fyrir er úrræðaleysi þegar nemendur og foreldrar eru ótalandi á íslensku og ensku.
- Sumir telja of mikla áherslu lagða á greiningu vegna þess að hún gefur oft aðgang að fjárhagsaðstoð og lyfjum.
- „Mér finnst ég stundum afspyrnu ein og afskipt með mína íslenskukennslu fyrir nýbúana. Á meðan nýbúar hafa ekki náð tökum á íslenskunni er jafnerfitt fyrir bekkjarkennarann og nemandann sjálfan að reyna að finna nám við hæfi inni í bekk og allir eru í jafnmiklum vandræðum. Allir eru að reyna að gera sitt besta, en barni ótalandi á íslensku hlýtur að leiðast óskaplega að þurfa að sitja inni í bekk þar sem hann skilur ekki neitt í margar klukkustundir á dag.“

***Sp. 11. Eruð þið með upplýsingar um niðurstöður vegna stuðnings sem skólinn annaðhvort fær eða veitir, kennarar fá eða veita og vegna stuðnings við nemendur? Vinsamlegast tilgreinið niðurstöður.***

Lýsingar eru til á stuðningsverkefnum í t.d. fundargerðum og skýrslum hinna ýmsu aðila en árangur þeirra sem slíkur hefur ekki verið mældur eða metinn á formlegan hátt. Ekki er því mikið um skráningar á árangri en fólk veit um góðan árangur einstakra stuðningsúrræða og mörg mál hafa verið leyst farsællega (sjá t.d. upptalningu á bls. 8-10 á úrræðum í nokkrum íslenskum grunnskólum vegna náms og kennslu nemenda og foreldra sem eru innflytjendur).

Skráningar einstaklingsmála eru í málaskrár þjónustumiðstöðva, skóla- og fjölskylduskrifstofa og félagsþjónustu sveitarfélaga. Upplýsingar um nemendur má einnig finna í fundargerðum nemendaverndarráða o.fl. aðila.

Boðið hefur verið upp á fjölbreytileg og misumfangsmikil símenntunarnámskeið og fræðslu fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla vegna nemenda sem eru innflytjendur.

Í einstaka skóla er stýrihópur og stuðningsaðilar sem hitta almenna kennara reglulega og veita þeim í einstaka tilvikum stuðning inni í bekk og þjálfun í hagnýtum vinnubrögðum. Árangur símenntunarinnar kemur fram í kennsluháttum kennara og námsárangri nemenda.

***Sp. 12. Vinsamlegast lýsið árangursþáttum og hindrunum þegar kemur að skóla án aðgreiningar innan fjölmenningarlegra bekkja.***

Svörin sem hér birtast eru svör þátttakenda við spurningum á lista. Svörin hafa verið umorðuð en merkingu og innihaldi hvergi breytt:

**Árangursþættir:**

- Samvinnunám nýtist vel þegar það er unnið á markvissan og skipulagðan hátt.
- Mismunandi eftir kennurum hvernig unnið er. Í bekkjum yngri nemenda er mikil áhersla á verklegt samvinnunám og samþættingu námsgreina.
- Fólk er í auknum mæli að vinna markvisst að þessu.
- Félagsleg tengsl nemenda eru jákvæð, þegar þau myndast.
- Það eru kostir við að hafa nemendur sem eru innflytjendur inni í bekk. Breiddin í bekknum verður meiri og nemendunum fylgir sérstakur stuðningur sem nýtist inni í bekknum. Hin börnin fá víðari sýn á lífið.
- Krakkar aðstoða hvern annan. Tveggja kennara kerfi í einum skóla nýtist vel.
- Ánægjulegt hve viðhorf innflytjenda er jákvætt gagnvart skólaumhverfinu og þess sem þar gerist dagsdaglega.
- Hækkandi einkunnir og miklar framfarir.
- Góð félagsleg tengsl. Sérkennsla og annar stuðningur góður. Námsfni og kröfur við hæfi sem og einstaklingsmiðað námsmat. Góðar einstaklingsáætlanir.

**Hindranir:**

- Hindranir eru einungis fólgnar í viðhorfi nokkurra kennara sem líta á þetta sem aukabyrði á sér því þeir geta ekki kennt eins og þeir eru vanir.
- Kennarar eru of bundnir af námsfni og yfirferð á því.
- Þörf er á aukinni símenntun kennara vegna skóla án aðgreiningar og fjölmenningarlegra bekkja því margir kennarar eru ekki nógu öruggir í þessu breytta umhverfi.
- Það tekur kennara tíma að breyta kennsluháttum í takt við breyttar áherslur.
- Móttaka nemenda þarf að vera betri og kennarar þurfa meiri þekkingu og þjálfun.
- Oft er aðlögunarferli foreldra mjög flókið og þeir glíma við félagslega erfiðleika. Þá endurspeglar vandi barnsins oft vanda foreldra.
- Ekki nógu mikið samvinnunám.
- Kennarar ná ekki að sinna nemendum sem eru innflytjendur sem skyldi og eru þeir oft verkefnalausir eða ekki með námsfni við hæfi.
- Nemendur sitja á hakanum vegna þekkingarskorts eða tímaleysis kennarans og þess vegna hafa þroskaþjálfar verið að koma sterkir inn.
- Sum börn hafa verið send til talmeinafræðings en hafa ekki fengið aðstoð af því að þau uppfylla ekki viðmið Tryggingastofnunar. Þau eru ekki með nógu mikla talörðugleika til að fá aðstoð.
- Fjölmenningarlegkennsla ekki notuð sem skyldi og kennsluáðferðir eru mismunandi eftir kennurum.



***Sp. 13. Getur þú greint frá mati sem hefur verið gert eða er í deiglunni í þessum málaflokki?***

Fæstir þátttakenda gátu greint frá mati sem væri í deiglunni. Hins vegar svöruðu margir að frammistaða nemenda sé metin, símat nemenda sé í gangi og að nemendur séu metnir í íslensku sem öðru tungumáli.

Einn þáttakandi svaraði á eftirfarandi hátt: „Veikleiki að staðan skyldi ekki vera tekin út áður en þróunarverkefni sem tengist fjölmenningslegri kennslu var unnið í okkar skóla og síðan aftur eftir að það hófst. Viðhorfskannanir voru hins vegar sendar tvisvar til foreldra. Fyrst þegar þróunarverkefnið byrjaði og síðan við lok þess eftir þrjú ár. Á foreldrafundi var farið í gegnum spurningarnar fyrir foreldra sem ekki skilja íslensku og túlkar kallaðir til.“

## 5. Mat

### ***Sp. 14. Getur þú lýst matstækjum sem notuð eru til að greina þarfir og getu innflytjenda með sérkennsluþarfir?***

Hér á eftir fylgja svör þeirra sem tóku þátt í þessu verkefni.

- Stundum koma nemendur með greiningar frá heimalöndum sínum.
- Reynt er að nota óyrt próf.
- Listmeðferðarfræðingurinn vinnur í þessum málaflokki.
- Tvítýngdir kennarar, sérkennarar, sálfræðingar og kennsluráðgjafar geta komið að mati á nemendum.
- Nemendur eru metnir við vinnu sína í skólanum með áhorfi. Strax er byrjað að vinna með úrræði ef þörf krefur á meðan beðið er eftir niðurstöðum greiningar.
- Félagsfærni er metin.
- Hlutverkaleikur notaður við matið.
- Læsi, hugtakamyndun og orðaforði metin og þá oft með aðstoð túlka.
- Alls konar próf og greiningartæki sálfræðinga eru notuð. Þau eru þau sömu og notuð eru við mat á nemendum sem eru ekki innflytjendur. Oftast er þó aðeins óyrta hluti matsins notaður.
- Til að byrja með er staða nemenda í náminu metin með hliðsjón af öðrum nemendum.
- Greiningarpróf eins og Aston Index lesgreiningarpróf, GRP10- og GRPH-14 lesgreiningarpróf, Talnalykill-greiningarpróf í stærðfræði, Told 2-H og 2-I málþroskapróf eru notuð svo og greiningarpróf sálfræðinga ef þörf krefur. WISC IV, WPPSI og Kaufmann ABC eru einnig notuð en varlega er farið í túlkun þeirra.

### ***Sp. 15. Getur þú útskýrt hvernig tillit er tekið til hindrana eins og tungumálsins?***

Þegar mat fer fram eru viðstaddir auk sálfræðings, deildarstjóri, túlkur og foreldrar. Allt er gert til að auka öryggi og góða líðan nemandans og foreldra hans.

„Nemendur eru alltaf tilbúnir að segja já og blekkja okkur og það er oft hindrun sem veldur því að kennarinn metur þá þannig í byrjun að þeir geti meira en þeir gera í raun. Við þurfum því alltaf að hafa túlk hjá þeim er þau taka svona próf því búast má við að þau misskilji eitthvað í prófunum sem gæfi þá ekki rétta mynd af getu þeirra.“

### ***Sp. 16. Hvernig fer matið fram þegar nemendur sem eru innflytjendur með sérkennsluþarfir koma inn í menntakerfið? Hvers konar skjöl er ætlast til að foreldrar sem eru innflytjendur komi með til landsins?***

Skólastjórnendur biðja um skjöl í móttöku- og innritunarviðtölum. Stundum fer fram stöðumat í stærðfræði, ensku, íþróttum og verk- og listgreinum. Námsleg staða nemanda er stundum athuguð óformlega þegar spurt er um kunnáttu og færni í ensku og hvort hann sé læs á móðurmáli. Einnig er spurt um væntingar nemanda og foreldra til skólans, beðið er um skólasögu viðkomandi nemanda og upplýsingar um heilsufar hans og greiningar ef við á. Upplýsingarnar eru settar í persónumöppu nemandans. Mat af þessu tagi fer oft fram með aðstoð túlks eða tvítýngds kennara og sérstök eyðublöð á nokkrum tungumálum eru notuð í skráningarviðtalinu.

Foreldrar sem eru innflytjendur koma ekki oft með greiningar sem gerðar hafa verið á börnum þeirra með sér til landsins frá heimalandi sínu. Staða nemenda er því metin hér á landi ef ástæða þykir. Ef annað foreldrið er innflytjandi og hitt íslenskt og þau búin að búa hér á landi í einhvern tíma, þá eru börnin þeirra komin inn í kerfið strax á leikskólastigi. Ef um frávík hefur verið að ræða hjá nemanda þá fylgja honum upplýsingar um það frá leikskóla til grunnskóla. Sérkennslutímum er síðan úthlutað vegna kennslu nemandans og fer fjöldi þeirra eftir þyngd greininga.

***Sp. 17 Er mögulegt að lýsa því hverjir koma að matsferlinu (hlutverki skóla og stofnana sem sinna greiningum)?***

Matið snýst um nemendur en að því koma á fyrstu stigum foreldrar og starfsfólk skóla s.s. sérkennarar, deildarstjórar og umsjónarkennarar. Seinna þegar mat er gert á nemendum vegna gruns um frávík, þá koma ýmsir aðilar að matinu og er nokkur munur á hverjir það eru frá einum skóla til annars. Í einum skólanna sem tóku þátt í þessu verkefni er það t.d. fagstjóri skólans sem með aðstoð tólks leggur fyrir öll greiningarpróf önnur en þau sem aðeins sálfræðingar eða læknar leggja fyrir.

Aðilarnir sem koma í flestum tilfellum helst að mati á nemendum í skólum eru sálfræðingar, talmeinafræðingar, listmeðferðarfræðingar, sérkennarar og túlkar eða tvítyngdir kennarar ef þörf krefur. Einnig eru oft kallaðir til umsjónarkennarar, kennsluráðgjafar, námsráðgjafar, deildarstjórar, þroskaþjálfar og kennarar í sérstökum deildum fyrir innflytjendur í skólum þar sem þær eru til staðar.

Stofnanir aðrar en skólarnir sem koma að mati á nemendum eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Bugl, þjónustumiðstöðvar í Reykjavík og skóla- og fjölskyldu- og félagsmálaskrifstofur í öðrum sveitarfélögum.

Ferlið er yfirleitt eitthvað á þessa leið: Kennari, foreldrar, deildarstjóri og sérkennari funda vegna nemandans með einhvers konar frávík. Í skólum þar sem lausnarteymi starfar, skoðar það viðkomandi nemandans og aðstæður hans og setur fram hugmyndir að mögulegum úrræðum.

Mál nemandans getur síðan verið tekið fyrir hjá nemendaverndarráði en slík ráð eru í flestum ef ekki öllum grunnskólum. Það er misjafnt eftir skólum hverjir sitja í nemendaverndarráði en hlutverk ráðsins, samkvæmt 1. gr. reglugerðar um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1966 er „að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.“

Þjónustunni er yfirleitt skipt í þrjú stig:


1. stigs þjónusta er veitt í skólum.
2. stigs þjónusta veitir þjónustumiðstöð í Reykjavík en fjölskyldu- og skólaskrifstofa í öðrum sveitarfélögum. Slík þjónusta getur snúist um grunngreiningu sálfræðings til að athuga til að mynda hvort nemandi eigi rétt á tíma og plássi hjá sérkennara og fjármagni sem þeirri kennslu fylgir. Þegar greiningu lýkur þá ráða skólarnir hvað þeir í raun gera við greiningarnar. Það eru sálfræðingar sem áframsenda upplýsingar eftir því sem við á til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, BUGL, barnalækna, barnageðlækna og annarra sérfræðinga.
3. stigs þjónusta veitir síðan heilbrigðiskerfið.

Tilvísandi og viðkomandi skóli fá síðan senda skýrslu um nemanda frá heilbrigðiskerfinu og sálfræðingur, fulltrúar frá skólanum s.s. umsjónarkennari, deildarstjóri, aðstoðarskólastjóri, listmeðaferðarfræðingu o.fl., eftir aðstæðum, eru kallaðir á skilafund.


# Tölur

21. febrúar, 2007

## Börn á Íslandi með íslenskt ríkisfang, fædd á árunum 1990-1999




## Börn á Íslandi með erlent ríkisfang, fædd á árunum 1990-1999




## Öll börn á Íslandi fædd á árunum 1990-1999

*Flokkuð eftir fæðingarstað og fæðingarstað forráðamanna*




**Börn á Íslandi fædd á árunum 1990-1999 önnur en þau sem eru fædd á Íslandi og eiga forráðamenn sem eru einnig fæddir á Íslandi**

*Flokkuð eftir fæðingarstað og fæðingarstað forráðamanna*



## Börn á Íslandi fædd á árunum 1990-1999

### Flokkuð eftir ríkisfangi



## Heimildaskrá

Félagsmálaráðuneytið (2007, janúar). *Stefna um aðlögun innflytjenda*. Sótt 26.09.07, frá [http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna\\_um\\_adlogun\\_innflytjenda.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf)

Hagstofa Íslands (2007, 1. desember)  
*Mannfjöldi eftir ríkisfangslandi, kyni og aldri 1. desember 2006-2007*. Hagstofa Íslands. Sótt 20.01.08, frá <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>

*Lög um grunnskóla*. (nr. 66/1995). Með áorðnum breytingum 77/1996, 11/1997, 104/1999 og 48/2001

Menntamálaráðuneytið (2007, 1. ágúst). *Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska*. Sótt 26.09.07, frá [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra\\_grsk\\_islenska.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf)

Samband íslenskra sveitarfélaga (8. ágúst, 2007). *Skýrsla kennsluráðgjafa Árið 2006*. Sótt 20.09.07, frá [http://www.samband.is/files/1681079224Skýrsla\\_nybuaradgj\\_f\\_arid\\_2006.doc](http://www.samband.is/files/1681079224Skýrsla_nybuaradgj_f_arid_2006.doc)



# **Fylgiskjal 1**

**Janúar 2008**

Thematic Project  
**Immigrant Pupils with Special Educational Needs:  
Cultural Diversity and Special Needs Education**

*Questionnaire for information collection*

The present document aims to be used as a working tool for the analysis we will conduct together. It takes into consideration reflections, comments and proposals suggested by the expert group meeting in Malmö, in December 2006.

We need to keep in mind a few general considerations:

- 1) Immigration is a sensitive area, with negative connotations. During our meetings, it was highlighted that migration has always been part of our society. It should not be perceived as a problem but as a source of enrichment for our society and our education systems, when differences are taken into account and respected and when adequate responses are provided.
- 2) Some general data are available regarding immigrant pupils, but data related to immigrant pupils with special educational needs are missing. One of the project's objectives is to provide some relevant and reliable information on this topic. But, we are all aware, and it was raised again in Malmö, that data collection will be difficult.
- 3) An operational definition was provided as a result of the meeting in Brussels (September 2006). A slight change was suggested, taking into account the possible negative confusion or misunderstanding related to the term of "cultural diversity". The three elements listed are general parameters and, more specifically, the ones under the second bullet below are to be taken in a very open way as fully or partly corresponding to the population concerned in the different countries. One of the questions inserted in the questionnaire is precisely focused on the type of population considered by the different countries. Our analysis will deal with:
  - pupils with all types of SEN (with a particular attention to be paid to those with learning disabilities)
  - and who are immigrants in the sense of: i) originating or his/her family originating from another country; ii) using a different or similar language as the host country; iii) with or without the nationality of the host country, and, iv) with/without a low educational and economic background
  - and who experience a different cultural background from the host country.

The *Questionnaire* includes the core relevant information to be provided by all countries involved. It concerns information:

- At local level
- To be collected by the nominated experts
- Related to pupils in mainstream education (primary, lower secondary and in some countries, even first years of pre-primary education)

Five issues are considered: targeted population; existing data; available provisions; types of support measures and general assessment procedures. These five issues will still be the basis: a) for the practical analysis to be conducted in the different locations where we will have the opportunity to discuss them with the professionals in situ; b) to have a common general overview of the situation in the different countries involved.

Further, each of the five issues can be detailed in a more extensive way at a national level. This is an optional additional task for those countries willing to provide more information.

<p><i>Questionnaire- Local information</i> (General questions to be completed by all countries involved in the thematic project)</p>	<p><i>Questionnaire- National information</i> (optional)</p>
<p><b>1. Population</b></p> <p>Q1. Short description of the population concerned by this analysis. Please use as a reference, globally or partly, the operational definition discussed in Brussels.</p>	<p><b>1. Population</b></p> <p>Q.1. National definition of immigrants (if any)</p> <p>Q.2. Detailed description of types and characteristics of the immigrant population in your country.</p>
<p><b>2. Data</b> (related to pupils in compulsory education, school year 2005/2006)</p> <p><u>General data:</u> Q.2. Data concerning number of immigrant pupils</p> <p><u>Specific data:</u> Q.3. Data concerning number and % of immigrant pupils with SEN in mainstream schools, compared to number and % of non-immigrant pupils with SEN in mainstream schools?</p> <p>Q.4. Data concerning number and % of immigrant pupils with SEN in special schools, compared to number and % of non-immigrant pupils with SEN in special schools.</p> <p>Q.5. If no data are available, what is the reason for lack of information?</p>	<p><b>2. Data</b> (related to pupils in compulsory education, school year 2005/2006)</p> <p><u>General data:</u> Q.3. Number of immigrant pupils.</p> <p><u>Specific data:</u> Q.4. Number and % of immigrant pupils with SEN in mainstream schools, compared to number and % of non-immigrant pupils with SEN in mainstream schools.</p> <p>Q.5. Number and % of immigrant pupils with SEN in special schools, compared to number and % of non-immigrant pupils with SEN in special schools.</p> <p>Q.6. If no data are available, what is the reason for lack of information?</p>
<p><b>3. Provisions<sup>1</sup></b></p> <p>Q.6. Which types of educational provisions are offered to immigrant pupils and their families?.</p> <p>Q.7. Which services are responsible for and how do they co-operate? To which extent do these provisions differ from the ones provided to the local population?.</p> <p>Q.8. Describe in which way services provide information to parents and to which extent</p>	<p><b>3. Provisions</b></p> <p>Q.7. National legislation, regulations and/or existing recommendations in relation to immigrant pupils with SEN and their families.</p> <p>Q.8. Which services are involved and how do they co-operate?.</p> <p>Q.9. Describe in which way services provide information to parents and to which extent families are involved.</p>

<sup>1</sup> In the sense of general available actions or measures offered to families or individuals.

<p>families are involved.</p> <p>Q.9. Can you describe the financial implications regarding provisions available to immigrant pupils with SEN and their families?.</p>	<p>Q.10. Can you describe the financial implications regarding provisions available to immigrant pupils with SEN and their families?.</p>
<p><b>4. Support measures</b></p> <p>Q.10. Can you list the main problems faced by schools, teachers, pupils and families.</p> <p>Q.11. According to the existing local information, do you have results regarding support measures provided to/by the school, to/by the teachers and to the pupils?. Please, detail them.</p> <p>Q.12. Please, describe success factors and obstacles related to inclusive learning environment in the frame of a multi-cultural class.</p> <p>Q.13. Can you provide references to some conducted or planned evaluation on this issue (if any)?.</p>	<p><b>4.Support measures</b></p> <p>Q.11. According to the existing national information, do you have results regarding support measures provided to/by the school, to/by the teachers and to the pupils?. Please, detail them.</p> <p>Q.12. Can you provide references to some conducted or planned evaluation on this issue (if any)?.</p>
<p><b>5. Assessment</b></p> <p>Q.14. Can you describe the assessment tools used in order to identify the needs and abilities of immigrant pupils with SEN?.</p> <p>Q.15. Can you describe how barriers such as the linguistic one are taken into consideration?.</p> <p>Q.16. How does assessment take place when immigrant pupils with SEN enter the educational system. What kind of documents (if any) are immigrant parents expected to bring from one country to another?</p> <p>Q.17. Can you describe who is involved in the assessment procedure (role of schools, assessment services, etc)?.</p>	<p><b>5.Assessment</b></p> <p>Q.13. Can you describe the assessment tools used in order to identify the needs and abilities of immigrant pupils with SEN?.</p> <p>Q.14. Can you describe how barriers such as the linguistic one are taken into consideration?.</p> <p>Q.15. How does assessment take place when immigrant pupils with SEN enter the educational system. What kind of documents (if any) are immigrant parents expected to bring from one country to another?</p> <p>Q.15. Can you describe who is involved in the assessment procedure (role of schools, assessment services, etc)?.</p>

# **Fylgiskjal 2**

**Janúar 2008**

Sæl og blessuð öll sömul,

Ég er þátttakandi í Evrópuverkefni sem heitir: Immigrant Pupils with Special Educational Needs: Cultural Diversity and Special Needs Education.

Þetta mætti þýða sem *Innflytjendanemendur með sérþarfir* (og hér er átt við fatlanir og/eða námserfiðleika en ekki erfiðleika vegna nýja tungumálsins): *Menningarlegur fjölbreytileiki og kennsla nemenda með sérþarfir*.

Verkefnið er unnið á vegum European Agency for Development in Special Needs Education og var sett á laggirnar vegna þess að í flestum löndum Evrópu er lítið vitað um þessa nemendur (mjög fáar rannsóknir hafa verið gerðar og lítið birst á prenti). Ein af ástæðunum fyrir því er að erfitt er að meta stöðu þeirra vegna tungumálaerfiðleika og fæst lönd eiga greiningartæki á móðurmálum þessara nemenda.

Mig vantar upplýsingar um eftirfarandi:

Hve margir nemendur í ykkar skóla sem eru innflytjendur (eða afkomendur innflytjenda) hafa verið flokkaðir með námserfiðleika og eða fatlanir?

Hve margir nemendur í ykkar skóla eru innflytjendur eða afkomendur innflytjenda?

Hve margir nemendur stunda nám í skólanum og hve margir þeirra þ.e.a.s. íslenskir nemendur hafa verið flokkaðir með námserfiðleika?

Það er nóg að fá svör við þessum spurningum.

Í viðhenginu er hins vegar spurningalisti á ensku og gott væri að fá svör við spurningunum sem eru merktar rauðar. Ég yrði ánægð jafnvel þó ég fengi aðeins svar við einni spurningu, ef ekki öllum.

Best væri kannski að vista skjalið og skrá svörin beint undir spurningarnar sem eru merktar rauðar og senda mér það síðan sem viðhengi.

Ég þigg með þökkum öll svör stutt eða löng.

Ég þýði svörin á ensku þegar ég vinn úr þeim.

Nöfn skóla, nemenda og sveitarfélaga koma hvergi fram í niðurstöðum.

Hafðið endilega samband ef þið viljið nánari upplýsingar um verkefnið eða útskýringar á spurningunum. Símanúmerin mín eru: 411-1600/411-1638/699-4941.

Ég sendi þennan tölvupóst einnig út á kennarapóstlistann minn.

Með fyrirfram þökk fyrir góðar undirtektir og gott samstarf.

Kær kveðja,  
Hulda Karen Daníelsdóttir  
Kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu  
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík